2. nóvember 2023

**Anna Gunnhildur Ólafsdóttir**

# Hvað er búsetufrelsi?

Byggðaráðstefnan 2023
Hljómahöllinni í Reykjanesbæ

**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið



# Búsetufrelsi

Lífsgæði fólks eru ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kýs, í því búsetuformi sem því hentar og njóti sambærilegra umhverfisgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar á landinu sem er.





# Gildi

*Gildi fela í sér varanleg, metnaðarfull og afmörkuð grundvallarviðhorf. Þau eru leiðarljós í allri ákvarðanatöku og ómissandi þáttur í stefnumótun.*

# Stefnumótun í fimm málaflokkum















# Samhæfð stefnumótun




- ✓ Lífsgæði fólks eru ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kýs, í því búsetuformi sem því hentar og njóti sambærilegra umhverfisgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar á landinu sem er.

- ✓ Ísland sé í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn sé í jafnvægi við umhverfið.

- Innviðir mæti þörfum samfélagsins
- Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt

- ✓ Grænbók – Hvítbók - þingsályktunartillaga

- ✓ Rafrænn spurningarlisti – vinnustofur - könnun

- ✓ Styðjandi og sameiginlegar aðgerðir eins og umhverfisaðgerð sveitarstjórnaráætlunarinnar.

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

# Aðgerðir áætlana í þágu búsetufrelsis



## Greining á vinnu-sóknarsvæðum

Greining á samspili heimila og vinnustaða leggur grunn að skipulagningu stærri svæða og samgagna.

## Stuðningur við leigjendur

Endurskoðun stuðnings ríkis og sveitarfélaga við leigjendur bætir aðgengi, stuðlar að jafnari og markvissari fjárstuðningi.

## Þróun þjónustu

Samhæfð mæling á ánægju íbúa með þjónustu skapar forsendur til frekari þróunar.

## Skipulag mæti húsnæðisþörf

Átak í þróun upplýsingagrunns stuðlar að því að skipulag mæti betur húsnæðisþörf.

## Óstaðbundin störf

Óstaðbundin störf stuðla að fjölgun starfa á landsbyggðinni. Eftirfylgni felst meðal annars í fjölgun vinnurýma og klasa á landsbyggðinni.

## Fjarheilbrigðis-þjónusta

Fjarheilbrigðisþjónusta bætir aðgengi að heilbrigðisþjónustu með sérstakri áherslu á jaðarbyggðir.

## Tryggð byggð

Stuðningur til sveitarfélaga og einstaklinga undir yfirskriftinni Tryggð byggð ýtir undir húsnæðisuppbyggingu á landsbyggðinni.

## Stafræn umbreyting

Heildstæð stefnumörkun bætir stjórnsýslu, aðgengi og þjónustu við íbúa og fyrirtæki.

## Lagning bundins slitlags

Átak í viðhaldi og lagningu bundins slitlags á tengivegum um allt land.

## Almenningssamgöngur

Greining leiðakerfis rennir stoðum undir heildstæðar almenningssamgöngur á milli byggða.



# **Frelsið er yndislegt** en alltaf takmörkunum háð

Lögheimili má *aðeins* skrá í skráðu íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá HMS.

- Ekki í sumarbústaðabyggð.
- Ekki í atvinnuhúsnæði.
- Ekki á hálendinu eða öðrum svæðum utan skilgreindrar íbúðabyggðar.

Lögheimilisskráningu fylgir m.a. réttur til þjónustu viðkomandi sveitarfélags.

- 80 lögbundin verkefni, stefnur, áætlanir, samþykktir.
- Þjónustustig utan stærstu byggðakjarna ræðst af getu sveitarfélags.

# Áskoranir

- Erfiðar samgöngur í víðfemu og hrjóstrugu landi.
- Hæg húsnæðisuppbygging.
- Ákall eftir fjölbreyttu atvinnulífi.
- Áhugi á búsetu utan hefðbundinnar íbúðabyggðar.
- Sívaxandi þörf á þjónustu.
- Takmarkaðir fjármunir.
- Veik sveitarfélög.

# Tækifæri

- Stafræn umbreyting.
- Stuðningur ríkisins við húsnæðisuppbyggingu.
- Óstaðbundin störf.
- Nýsköpun í þjónustu.
- Ívilnanir til að laða sérfræðinga til starfa á landsbyggðinni.
- Endurskoðun fjármála sveitarfélaga.
- Sameining sveitarfélaga.


Takk!